

Ed.

164. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breyting á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Í stað „útsvör“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. 6. gr. komi: þinggjöld.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 11. september 1985, hefur hann borið fram ábendingar vegna vankanta, er varða framkvæmd laga um sóknargjöld, er samþykkt voru á síðasta Alþingi. Segir svo í bréfi ríkisskattstjóra:

„Samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þessara öðlast þau gildi hinn 1. janúar 1986. Skv. ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laganna er viðmiðun gjaldsins tekjuárið, þ.e.a.s., sbr. upphafsorð 2. gr., útsvarsstofn ákveðins tekjuárs. Fyrsta tekjuár til viðmiðunar er skv. 10. gr. tekjuárið 1986. Augljóst er því að sóknargjöld, að lögum þessum óbreyttum, verða því eigi álögð af skattstjórum, sbr. 6. gr. laganna, fyrr en á gjaldárinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Jafnframt er fram tekið í 10. gr. laganna að úr gildi falli hinn 1. janúar 1986 lög nr. 36 1948 um sóknargjöld, svo og lög nr. 40/1964 um breytingu á þeim lögum.

Auðsætt er því að sóknargjöld verða eigi innheimt skv. lögum nr. 36/1948, sbr. lög nr. 40/1964, á gjaldárinu 1986.

Augljóst er að úrbóta er þörf á ákvæðum 10. gr. laga nr. 80/1985 ef sóknarkirkjur eiga að afla einhverra tekna á gjaldárinu 1986. Úr þessu er auðvelt að bæta með breytingu á 10. gr. í það horf sem orðalag þeirrar greinar hljóðaði á þskj. 762, þó með breyttum ártölum eða á þennan veg:

10. gr. laganna hljóði svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breytingu á þeim.

Jafnframt leyfi ég mér að benda á æskilega breytingu á 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna. Skv. 2. másl. 2. mgr. 6. gr. laganna gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um innheimtu sóknargjalda og skv. ákvæðum 7. gr. laganna annast innheimtumenn ríkissjóðs innheimtu gjaldsins. Með hliðsjón af því tel ég rétt að gjöldin verði birt á sama hátt og þinggjöld og hlíti sömu reglum og þinggjöld en ekki útsvör. Legg ég því til að ásamt breytingu á 10. gr. laganna verði lögð fram svohljóðandi breyting á 6. gr. laganna:

6. gr. laganna breytist svo:

a) í stað orðsins „útsvör“ í lok 1. másl. 1. mgr. 6. gr. komi orðið: þinggjöld;

b) í stað orðsins „útsvör“ í 1. másl. 2. mgr. 6. gr. komi orðið: þinggjöld.

Sé það ætlun löggjafarvaldsins að sóknargjöld verði álögð og innheimt á gjaldárinu 1986 er það nauðsynlegt vegna undirbúnings á framkvæmd álagningar gjaldsins á því gjaldári að umrædd breyting á 10. gr. laganna verði samþykkt á Alþingi sem allra fyrst á þessu hausti.“

Frumvarp þetta er flutt til að sníða af þá vankanta á lögnum, er ríkisskattstjóri hefur bent á, og að hluta til (10. gr.) urðu við meðferð lagafrumvarpsins á Alþingi.